

Reykjavík 27. maí 2024

Efni: Drög að stjórnunar- og verndaráætlun rjúpu – Athugasemdir Fuglaverndar

Fuglavernd fagnar því að fram séu komin drög að stjórnunar- og verndaráætlun rjúpu og telur það mikið framfaraskref í varðveislu og veiðistjórnun þessarar lykiltegundar í vistkerfi landsins. Félagið styður þá svæðisbundnu veiðistjórnun sem lögð er til en vill jafnframt ítreka eftirfarandi athugasemdir félagsins sem sendar voru á Umhverfisstofnun þann 14. desember 2023¹ (Veiðistjórnun rjúpu – afstaða Fuglaverndar) en takmarkað tillit virðist hafa verið tekið til við endanlega vinnslu áætlunarinnar:

1. Síðastliðið haust var mikið rætt um mismunandi markmið veiðistjórnunar rjúpu og lagðar til fimm mismunandi leiðir, A-E, sem velja ætti á milli. Leið A miðar að því að hámarka veiði (e. maximum sustainable yield - MSY) á meðan leið E er sögð hámarka stofnstærð rjúpu. Þar sem ekki náðist samtaða um hvaða leið ætti að fara var notast við Nash samningalausn til að finna bestu málamiðlunina milli A og E. Líkt og Fuglavernd benti á í afstöðu sinni er þó afar varhugavert að notast við MSY (leið A) í veiðistjórnun tegunda og ætti sá möguleiki því aldrei að vera á borðinu að mati félagsins. Sömuleiðis felur leið E í sér töluvert mikla skerðingu á rjúpnastofninum miðað við náttúruleg þolmörk stofnsins og því vart hægt að segja að sú leið „hámarki stofnstærð“. Eðlilegt hefði verið að bjóða upp á valmöguleika sem fela í sér minni skerðingu stofnsins en leið E gerir ráð fyrir. Að öðrum kosti er augljóst að málamiðlunin, í þessu tilviki milli valmöguleika A-E, verður alltaf skekkt í átt að meiri veiði og minni stofni. Vissulega er í mörgum tilvikum tiltölulega lítill munur á áætlaðri stofnstærð rjúpu milli mismunandi veiðistjórnunar-markmiða auk þess sem öryggismörkin eru mjög víð. Sem náttúruverndarfélag telur Fuglavernd þó að náttúran eigi alltaf að njóta vafans og hefði því talið eðlilegt, a.m.k. til að byrja með, að notast við varfærna leið þegar farið er af stað með nýtt veiðistjórnunarkerfi. Ekki kemur skýrt fram í þeim drögum sem nú eru kynnt hvaða leið, A-E, varð endanlega fyrir valinu. Einungis er sagt að „niðurstaðan var veiðistjórnunarstefna sem leitast við að koma í veg fyrir

¹ https://fuglavernd.is/wp-content/uploads/2024/01/2023_Veidistjornun-rjupu-afstada-Fuglaverndar.pdf.

meiriháttar breytingar á stofnstærð rjúpu, sé miðað við stærð stofns á árunum 2005-2023“. Í þessu samhengi vill Fuglavernd ítreka þá ábendingu sína að sögulega hefur rjúpnastofninn verið mun stærri en hann var á árunum 2005-2023 auk þess sem tegundin er nú talin vera í yfirvofandi hættu (NT) á Íslandi vegna neikvæðrar stofnþróunar síðustu ár. **Stofnstærð rjúpu á árunum 2005-2023 er því ekki besta viðmiðið né það sem eðlilegast væri að stefna að.**

2. Í drögum að stjórnunar- og verndaráætlun rjúpu er listað upp það markmið vinnuhópsins að standa vörð um heilbrigðan stofn og vistþjónustu við fálka og styður Fuglavernd heilshugar það markmið. Líkt og Fuglavernd benti þó á í afstöðu sinni hefði félagði gjarnan viljað sjá mikilvægi rjúpunnar fyrir afkomu fálkans gert hærra undir höfði þegar teknar eru ákvarðanir um veiðistjórnun rjúpu. Mikilvægt er að taka inn í líkanið, ef hægt er, áhrif mismunandi stofnstærðar rjúpu á fálkastofninn og sömuleiðis áhrif fálkans á rjúpnastofninn. Sé of seint að taka slíkt með í reikninginn þegar hér er komið ætti að bæta því inn í líkanið við fyrsta tækifæri þegar áætlunin verður endurskoðuð.
3. Líkt og Fuglavernd benti á er æskilegt taka með inn í líkanið viðkomutölur rjúpunnar eftir varptíma hvers árs, eða veðurfarsgögn frá ungatíma teljist ekki fýsilegt að styðjast við viðkomutölur, til að hægt sé að bregðast við og stytta veiðitíma ef viðkomubrestur er fyrirsjáanlegur. Þó ekki sé gert ráð fyrir þessum breytum í líkaninu í þeim drögum sem nú eru kynnt þá fagnar Fuglavernd því að kanna eigi hvort hægt sé að notast við veðurfarsgögn til að meta viðkomu rjúpunnar ár hvert og hvetur félagið til þess að slíkt verði tekið inn í líkanið sem fyrst.

Virðingarfyllst,
stjórn Fuglaverndar